

Starfsreglur Beta deildar vegna inntöku nýrra félaga

Á deildarfundi í febrúar ár hvert er tekin ákvörðun um hvort bjóða eigi nýjum konum í deildina á komandi starfsári. Verði tekin ákvörðun um að fjölga í deildinni skal ræða hvaða þekkingu og reynslu væri æskilegt að fá til viðbótar inn í deildina með það fyrir augum að auka fjölbreytni og styrkleika og forðast einsleitni. Útbreiðslunefnd tekur saman fjölda félagskvenna í hverri starfsgrein og skal sá listi sendur með fundarboði marsfundar.

1. Betasystur sem vilja stinga upp á nýjum félagskonum fylla út eyðublaðið: „Tillaga að nýjum félaga í Betadeild“ og senda eyðublaðið til útbreiðslunefndar og stjórnar. Eyðublaðið er að finna á vefsvæði deildarinnar.
2. Kynning á tilnefndum félagskonum í Betadeild fer fram á aprílfundi deildarinnar og sjá þær Betasystur sem stinga upp á viðkomandi konum sjálfar um kynninguna.
3. Eftir kynninguna fá félagskonur tækifæri til þess að gera rökstuddar athugasemdir við tilnefningar. Miðað er við að athugasemdir hafi borist stjórn og útbreiðslunefnd fyrir næsta auglýstan fund deildarinnar (maífundinn).
4. Ef athugasemdir berast taka útbreiðslunefnd og stjórn þær til umfjöllunar og taka ákvörðun um hvað verður gert í framhaldinu.
5. Ef engin athugasemd berst er innganga viðkomandi konu borin upp á næsta deildarfundi (maífundinum), í leynilegri kosningu. 4/5 hluti (eða 80%) félagskvenna á fundinum þurfa að samþykkja inngönguna. Sú kona sem bar upp viðkomandi konu býður væntanlegri Betasystur á næsta deildarfund hljóti hún kosningu. Konur þurfa að mæta á a.m.k. 2–3 fundi áður en inntakan fer fram. Félagskonur Betadeildar kynna sig fljótlega eftir að tilnefnd/ar konur mæta á fundi deildarinnar.
6. Stjórn ákveður hvenær taka á inn nýja félaga. Á bóka fundi er ekki inntaka.
EYÐUBLAÐ Tillaga að nýjum félaga í Betadeild 1. Nafn: 2. Heimilisfang: 3. Sími: 4. Netfang: 5. Starf: 6. Starfsstöð, starfsaldur og sérsvið: 7. Hvers vegna tel ég að þessi kona eigi heima í deildinni? 8. Hvað hefur hún fram að færa sem er gott fyrir deildina okkar? Upplýsingar sendar til útbreiðslunefndar og stjórnar